

## REGLUGERÐ

62

15. apríl

### um skemmtanaskatt í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu.

#### 1. gr.

Samkv. lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatta af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en hér- aðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Miklaholtshreppi og aðgangur er seldur að, og ekki eru undanþegnar skatti með lögum.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

##### 1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.

##### 2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér.

#### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrra flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd Miklaholtshrepps hefur eftirlit með því að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftirlitsmaður skemmtana.

#### 5. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en þrem dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkv. 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

#### 6. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

#### 7. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna til barnaskólasjóðs hreppsins. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

62

8. gr.

15. apríl

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum. Sé brotinu þannig háttað að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin, sem svarar að minnsta kosti tíföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 krónur. Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

63

16. apríl

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Rannveigarsjóð“, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. apríl 1942.**  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannveigarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Rannveigarsjóður og er stofnaður til minningar um foreldra mín undirritaðs, Jóns Kristóferssonar skipstjóra í Reykjavík, þau Rannveigu Jónsdóttur og Kristófer Þorvarðarson, sem hjuggu á Breiðabólstað á Síðu allan sinn búskap

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur, sem er gjöf frá okkur undirrituðum hjónum, Þórunni Guðmundsdóttur og Jóni Kristóferssyni, Ránargötu 22 í Reykjavík. Hefur fjárhæð þessi þegar verið lögð á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands undir nafninu „Rannveigarsjóður“. Skal hún ávöxtuð þar meðan þess er kostur, en ella á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur hagkvæmast og öruggast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja að skógrækt í Kirkjubæjar- og Hörgslandshreppum í Vestur-Skaftafellssýslu með því, að veita verðlaun til þeirra manna í hreppum þessum, sem skara fram úr í ræktun trjá- og skrudgarða.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Skal sýslumaðurinn í Skaftafellssýslum vera formaður nefndarinnar, en oddvitar Kirkjubæjar- og Hörgslandshreppa meðstjórnendur, ef þeir vilja svo vel gera. Vilji einhver þessara manna ekki taka það starf að sér, felum við sýslumanninum í Skaftafellssýslu að kveðja til þess aðra hæfa menn, sem fánlegir eru til að taka það að sér.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árlega skal helmingur vaxta lagður við höfuðstólinn og ávaxtaður með honum. Hinum helmingnum skal varið til verðlauna samkvæmt því, sem segir í 3. gr. Verðlaun skulu fyrst veitt á árinu 1943 og síðan á ári hverju, ef nokkur þykir verðlauna hæfur á starfssvæði sjóðsins.